

Ed.

714. Nefndarálit

[190. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 20 31. jan. 1952, um landnám, nýbyggðir og endurbýggingar í sveitum.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Í frv. þessu, sem er stjórnarfrumvarp, er lagt til, að vextir af lánum úr Byggingarsjóði verði hækkaðir úr 2% í 3½%. Ríkisstjórnin hefur og flutt hliðstætt frv. um hækkun vaxta af lánum úr Byggingarsjóði verkamanna og Ræktunarsjóði.

Útlánsvextir Byggingarsjóðs sveitanna og Byggingarsjóðs verkamanna hafa verið ákveðnir miklum mun lægri en almennir útlánsvextir í því skyni að gera efnalítlu og tekjulágu fólki í sveitum og kaupstöðum fært að eignast sómasamlegt húsnæði með viðráðanlegum kjörum. Vextir þeir, sem sjóðir þessir greiða af því fé, er þeir taka að láni til starfsemi sinnar, eru allmiklu hærri en útlánsvextir þeirra, og gengur því nokkur hluti af framlagi hins opinbera til þess að greiða vaxtamismuninn. Skortur á lánsfé hefur takmarkað mjög útlán þessara sjóða, sérstaklega Byggingarsjóðs verkamanna, og hefur því vaxtamunurinn til þessa ekki orðið tilfinnanlegur baggi á sjóðunum.

Nú hefur ríkisstjórnin ákveðið að sjá Byggingarsjóði sveitanna fyrir auknu lánsfé til íbúðabýgginga, 24 millj. kr. á næstu tveim árum umfram hin föstu framlög til sjóðsins. Vextir þeir, sem sjóðurinn á að greiða af lánsfé þessu, verða samkv. húsnæðismálafrumvarpi ríkisstjórnarinnar rúmlega 7% á ári. Má því með réttu segja, að ástæða sé nú til að endurskoða ákvæðin um útlánsvexti hans. Hins vegar hafa stjórnarflokkarnir fellt tillögu um að auka starfsfé Byggingarsjóðs verkamanna um sömu upphæð.

Ég tel æskilegt og eðlilegt, að fjármál og starfsemi beggja þessara sjóða séu tekin til athugunar og endurskoðunar samtímis, bæði hvað snertir aukið starfsfé og útlánsvexti, með það fyrir augum, að starfsskilyrði þeirra verði sambærilegri. Það er von mín, að ekki dragist lengi, að svo verði gert. Að svo stöddu get ég því ekki fylgt tillögu um hækkun á útlánsvöxtum sjóðsins.

Alþingi, 2. maí 1955.

Haraldur Guðmundsson.